

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Hálfáni Bjarka Hálfánssyni  
Dags. 19. janúar 2018  
Mnr. 2011120007



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Samningur við Fjölís um afritun höfundarréttarvarins efnis

Ísafjarðarbæ hefur borist samningur undirritaður af Fjölís um afritun höfundarréttarvarins efnis. Með samningnum fylgir bréf framkvæmdastjóra félagsins þar sem þess er óskað að samningurinn verði undirritaður og sendur til baka.

Samningurinn snýr að afritun í allri starfsemi sveitarfélagsins utan leik-, grunn- og tónlistarskóla, en annar samningur er í gildi varðandi afritun innan þeirra.

Forstöðumenn á öllum sviðum og í öllum stofnunum hafa að minni beiðni kannað málið og í engum tilfellum er verið að afrita höfundarréttarvarið efni í þeirra starfsemi, hvorki á efnislegu né stafrænu formi.

Að höfðu samráði við lögfræðing Sambands íslenskra sveitarfélaga er það mitt mat að engin samningsskylda hvílir á Ísafjarðarbæ þar sem eftir bestu vitund og eftir nokkuð ítarlega könnun erum við ekki að afrita höfundarréttarvarið efni utan skóla sveitarfélagsins.

Umræddur samningur er meðfylgjandi og bið ég bæjarráð um að taka afstöðu til hans.

Virðingarfyllst,

Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi-